

Leiðbeiningar með glærum – Opinskátt um ofbeldi

Almennt:

Ofbeldi getur birst með ýmsum hætti. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir nokkrum tegundum ofbeldis og tekin dæmi um hverja og eina.

- ✓ **Líkamlegt ofbeldi:** T.d. kýla, slá, sparka, hrinda.
- ✓ **Andlegt ofbeldi:** T.d. hótta, skamma, ógna, niðurlægja, stjórna.
- ✓ **Kynferðisleg misnotkun:** T.d. nauðgun eða kynferðisleg áreitni og/eða athafnir sem fatlaður einstaklingur hefur ekki samþykkt/gæti ekki samþykkt vegna skerðingar eða var þvingaður til að samþykkja.
- ✓ **Fjárhagsleg misnotkun:** Fjármunum haldið frá fólki/notaðir í ósamræmi við vilja einstaklings.
- ✓ **Efnisleg misnotkun:** Eignaréttur ekki virtur, hlutir eyðilagðir.
- ✓ **Vanræksla:** Aðstoð haldið frá viðkomandi, lyfjagjöf ekki sinnt sem skyldi o.fl.
- ✓ **Ofbeldi sem felur í sér mismunun:** Ofbeldi og áreitni sem beinist t.d. að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.

Allir geta orðið fyrir ofbeldi og þeir sem beita ofbeldi skera sig ekki úr frá öðrum með neinum hætti. Mikilvægt er að ýta ekki undir staðalmyndir um ofbeldi þegar um það er rætt. Gerendur geta bæði verið karlar og konur og það sama á við um þá sem verða fyrir ofbeldi. Einnig er rétt að ítreka að ofbeldismaðurinn ber alltaf ábyrgðina. Ofbeldið er aldrei barninu að kenna eða öðrum þeim sem verður fyrir ofbeldi.

Ekki er nauðsynlegt að vinna með allar glærurnar í einu heldur er jafnvel hægt að velja glæru með tilliti til umræðu eða atviks sem upp hefur komið í hópnum. Ein leið til að vinna með glærurnar gæti verið að varpa upp einni glæru og biðja börnin að búa til sögu um myndina, leikrit eða ljód. Hvernig gæti sagan endað vel?

Ef kennari treystir sér ekki einn með börnunum í þessa umræðu enda málefnið viðkvæmt – er gott að hafa stuðning annars fullorðins s.s. samkennara, félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, námsráðgjafa eða stuðningsfulltrúa. Kennari þarf einnig að þekkja viðeigandi verklag ef upp koma mál er geta varðað velferð barns/barna í hópnum.

Oft er barni ekki trúað strax þegar það segir frá ofbeldi sem það sér eða verður fyrir. Því er mikilvægt að segja barni að nauðsynlegt sé að gefast ekki upp og segja oft frá tilvikinu. Virk hlustun fullorðinna er mikilvæg.

Leggja skal áherslu á að spyrja börnin opinna spurninga s.s:

- Hvað dettur ykkur í hug þegar þið horfið á myndirnar?
- Hvernig líður fólkinu á myndunum?
- Getur verið að sá sem brosir sé samt leiður?
- Hvernig er hægt að hjálpa fólkinu á myndunum? Til hvaða manneskju mynduð þið leita ef þið verðið fyrir ofbeldi eða ykkur líður illa?
- Hvað getum við gert ef einhver sem við þekkjum verður fyrir ofbeldi?
- Hvers vegna haldið þið að fullorðnir beiti ofbeldi? Hvernig finnst ykkur að við eigum að koma fram við aðra?

Hugmyndir að spurningum sem tengjast hverri glæru fyrir sig:

Glæra 1 - Hér er barn, þungar hugsanir, rigning og eldingar.

Hvað er að gerast á þessari mynd?

Hvað haldið þið að sé að angra barnið?

Hvað haldið þið að sé að?

Hvað gæti hafa gerst?

Haldið þið að eitthvað hafi gerst heima (foreldrar að rífast, slást, veikindi í fjölskyldunni, áföll, áfengisneysla, depurð, vanræksla), í skólanum (stríðni, námsörðugleikar, vinaleysi, meiða) eða á leiðinni heim?

Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?

Glæra 2 - Þarna eru börn, öðru líður vel og hjartað brosir, hinu líður illa og hjartað grætur.

Hvað er að gerast á þessari mynd?

Hver finnst ykkur vera munurinn á þessum tveimur sem eru á myndinni?

Haldið þið að öllum líði alltaf vel?

Af hverju haldið þið að það sé sól öðrum megin en ský og eldingar hinum megin, hvað gæti það táknað?

Líður ykkur stundum vel og stundum illa?

Hvað getum við gert ef okkur líður illa?

Hvað gerir ykkur glöð?

Hvað gerir ykkur döpur?

Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?

Glæra 3 – Börn í sundi, sum glöð en eitt með ský yfir sér.

Hvað er að gerast á þessari mynd?

Hvernig líður barninu?

Haldið þið að barnið sé hrætt við vatn, sé skilið útundan, hafi áhyggjur af einhverju eða sé með samviskubit yfir einhverju?

Haldið þið að allir sjái þegar ykkur líður illa?

Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?

Glæra 4 – Barn að hörfa undan ljótu orðbragði.

Hvað er að gerast á þessari mynd?

Hvernig líður barninu?

Vitið þið hvað andlegt ofbeldi er (hótanir, þvingun, útilokun, ljót orð sem særa, stríðni, einelti)?

Hvernig líður manni ef maður verður fyrir andlegu ofbeldi ?

Hvað getum við gert þegar við sjáum að einhverjum líður svona?

Hvers vegna er mikilvægt að segja frá ef eitthvað er ekki í lagi?

Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?

Glæra 5 (glæra 1 og 3) – Barn að hjóla, dregur á eftir sér svart ský.

Hvað er að gerast á þessari mynd ?

Hvernig líður barninu ?

Fylgir tilfinningin barninu hvert sem það fer, t.d. út að hjóla?

Hvernig haldið þið að hægt sé að losna við þetta svarta ský sem er á myndinni?

Eigið þið einhvern stað þar sem ykkur líður alltaf vel?

Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?

Glæra 6 – Tvö börn að ráðast að einu.

Hvað er að gerast á þessari mynd?

Hvernig líður börnunum?

Hvað finnst ykkur vera líkamlegt ofbeldi (lemja, slá, sparka, toga í hár, rífa af t.d. húfu eða tösku, hrinda)?

Hvernig myndi ykkur líða ef þið væruð ein og tveir myndu ráðast á ykkur (yfirburðir, valdaójafnvægi, niðurlæging)?

Ef þið sjáið einhvern beita ofbeldi, hvað getið þið þá gert?

Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?

Glæra 7 – Fullorðinn einstaklingur með ský og rigningu yfir sér, tvö börn með og hús í baksýn.

Hvað er að gerast á þessari mynd?

Hvernig líður börnunum?

Hvernig líður fullorðnu manneskjunnari á myndinni?

Af hverju líður þeim svona?

Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?

Glæra 8 – Tveir fullorðnir með óveðurský, barn sem lendir í óveðrinu.

(myndin um heimilisofbeldi frá Kvennaathvarfinu á vel við þessa glæru)

Hvað er að gerast á þessari mynd?

Hvernig haldið þið að börnum líði þegar fullorðið fólk sem þeim þykir vænt um er ósátt, er að rífast eða að slást?

Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?

Glæra 9 – Fullorðinn er sofandi, barn að reyna að vekja viðkomandi.

(myndin um Jesper á vel við þessa glæru)

Hvað er að gerast á þessari mynd?

Hvernig líður barninu?

Hvað er klukkan á myndinni?

Af hverju haldið þið að fullorðna manneskjan sé ennþá sofandi (þreyta, vanlíðan, veikindi, áfall, neysla)?

Af hverju haldið þið að barnið sé að reyna að vekja fullorðnu manneskjuna?

Hvert haldið þið að barnið sé að fara?

Hver ber ábyrgð á því að þið mætið á réttum tíma í skólann, borðið morgunmat og hafið með ykkur nesti?

Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?

Glæra 10 – Fullorðinn með óveðursský, líkamlegt og andlegt ofbeldi gegn barni.

Hvað er að gerast á þessari mynd?

Hvar haldið þið að þetta sé að gerast (heimili, skóli, hjá ættingum, heima hjá vinum)?

Hvernig haldið þið að barninu líði?

Hvað haldið þið að barnið geti gert?

Finnst ykkur að fullorðnir megi haga sér svona gagnvart barni?

Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?

Glæra 11 – Fullorðinn með óveðurský að læðast inn til barns, kynferðislegt ofbeldi.

Hvað er að gerast á þessari mynd?

Af hverju er hinn fullorðni með grátt ský yfir sér?

Hvers vegna haldið þið að fullorðin manneskja sé að læðast inn til barnsins um miðja nótt?

Hvar haldið þið að þetta geti átt sér stað?

Hvernig haldið þið að barni líði ef einhver vill sjá eða koma við einkastaði þess (typpi, píku, rass, brjóst)?

Hvað getið þið gert ef einhver vill sjá eða koma við einkastaðina ykkar (typpi, píku, rass, brjóst) eða sýna sína einkastaði?

Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?

Glæra 12, 13 og 14 – Börn og snjalltæki, neikvæð birtingarmynd.

Hvað er að gerast á þessari mynd?

Hvernig notið þið tölvur og síma – hvað eruð þið að gera í þessum tækjum?

Er hægt að nota þessi tæki til að koma illa fram við aðra (ofbeldi, hótanir, einelti, myndbirtingar, ljót skilaboð) – hvernig þá?

Hvernig haldið þið að þeim líði sem fá vond eða ljót skilaboð í gegnum tölvu eða síma?

Hvernig er hægt að bregðast við, hverjum er hægt að segja frá?

Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?

Glæra 15 – Barn með óveðursský að tala við fullorðinn.

(Það krefst hugrekkis að segja frá – ekki gefast upp)

Hvað er að gerast á þessari mynd?

Hvað haldið þið að gerist þegar maður segir einhverjum sem maður treystir frá?

Við hvern getið þið talað þegar ykkur líður illa?

Glæra 16 og 17 – Barn/börn sem gefur/gefa skýr skilaboð um að það hafni ofbeldi.

Hvað er að gerast á þessari mynd?

Hvað haldið þið að börnin séu að gera?

Hvernig haldið þið að þeim líði sem beita aðra ofbeldi?

Hvernig haldið þið að þeim líði sem verða fyrir ofbeldi?

Hvernig getum við barist gegn ofbeldi?

Hvort er betra að vera einn að takast á við eitthvað erfitt eða hafa einhvern með sér (styrkur hópsins)?

Þurfum við stundum hjálp til að segja nei?

Hver haldið þið að geti hjálpað okkur?

Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?